Frétt nr. 11/2026 23.11.2026

Leiðandi hagvísir Analytica – Hagvísir hækkar þriðja mán. í röð en er enn undir leitni

Leiðandi hagvísir Analytica (e. Composite Leading Indicator) hækkaði í október, þriðja mánuðinn í röð. Hann er þó áfram undir langtímaleitni og bendir því enn til umsvifa undir leitni næsta vor, þótt bilið að langtímaleitni fari minnkandi. Hækkunin skýrist einkum af vöruinnflutningi, debetkortaveltu og bata í væntingum neytenda. Aflamagn og fjöldi ferðamanna draga úr hækkun hagvísisins. Gildi síðustu þriggja mánaða voru jafnframt endurskoðuð lítillega upp á við sem styður hækkunina. Hins vegar er of snemmt að tala um viðsnúning, til þess þarf hækkunin að halda áfram næstu mánuði.

Fjórir af sex undirliðum hækka frá í september. Af jákvæðum þáttum þá hefur aukning vöruinnflutnings mest að segja og þá aukning debetkortaveltu innanlands og hækkun á væntingavísitölu Gallup og hækkun heimsvísitölu hlutabréfa. Af neikvæðum þáttum þá hefur minni fiskafli mest að segja. Eins og undanfarin misseri þá er umtalsverð óvissa tengd þróun alþjóðastjórnmála sem og óvissa í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi.

Hagvísirinn er vísitala sem gefur vísbendingu um vendipunkta í efnahagsumsvifum að sex mánuðum liðnum. Það er hlutverk vísitölunnar að veita skýra sýn á efnahagshorfur og vara tímanlega við viðsnúningi í efnahagsumsvifum. Vísitalan er reiknuð á grundvelli sömu aðferðafræði og annars staðar þar sem sambærilegar vísitölur eru reiknaðar en sérstaklega er tekið mið af verklagi OECD.

Mynd 1. Leiðandi hagvísir Analytica og verg landsframleiðsla – frávik frá leitni
Langtímaleitni = 100



Þróun leiðandi hagvísis Analytica er sýnd á mynd 1 (blár ferill) ásamt þróun vergrar landsframleiðslu (VLF - brotinn ferill). Reynslan er sú að leiðandi hagvísir er að jafnaði um 6 mán. á undan þróun landsframleiðslu.

Fókus: Rannsóknarsía samhliða leiðandi hagvísi

Undanfarið hefur Analytica prófað aðra aðferð til að smíða leiðandi hagvísi úr sömu sex undirþáttum og hagvísirinn byggir á: Fjölvíða rauntímasíu (I-MDFA, aðferð Wildi og McElroy) sem er stillt þannig að hún endurgeri hagvísinn. Núverandi útfærsla hagvísisins beitir sk. tvíhliða leitnisíum á hvern undirþátt og endurmetur þær í hverjum mánuði. Rauntímasían metur eina sk. einhliða síu á hvern undirþátt og heldur henni stöðugri með því að setja vigtum hennar þröngar skorður.[1] Niðurstaðan (sjá mynd 2) fylgir sömu meginvendipunktum og hagvísirinn en ferillinn er jafnari.

Mynd 2. Leiðandi hagvísir og rauntímasía – frávik frá langtímaleitni



Nýjustu gildi hvers vísis (birting 23/11 2026). Hagsveiflan er hlutfall eins árs og tíu ára HP-leitni mánaðarlegrar landsframleiðslu, gögn til júní 2026. Punktalínur sýna toppa (T) og botna (B) hagsveiflunnar.

Helsti kostur rauntímasíunnar er stöðugleiki í formi minni endurskoðana á áður birtum tölum. Þegar hver mánaðarleg birting frá 2013 er endurgerð úr þeim gögnum sem þá lágu fyrir hefur gildi rauntímasíunnar fyrir tiltekinn mánuð breyst um 0,25-0,48 vísitölustig að meðaltali ári síðar, samanborið við 1,48 stig hjá núverandi hagvísi fyrir sömu mánuði (sjá mynd 3). Fyrsta mat rauntímasíunnar er ekki nákvæmara miðað við endanlegt gildi hagvísisins og hún gefur ekki fyrr til kynna vendipunkta.

Samkvæmt tölum fyrir október stendur rauntímasían lítillega yfir leitni (100,5 í báðum útfærslum hennar) en hagvísirinn undir henni (99,2). Munurinn skýrist einkum af heimsvísitölu hlutabréfa, sem vegur þyngra í rauntímasíunni: Erlendir hlutabréfamarkaðir hafa verið nálægt sögulegu hámarki en íslenska vísitalan OMXI15 var í byrjun nóvember um 27% undir hámarki sínu frá september 2021. Nýjustu þjóðhagsreikningar (annars ársfjórðungs) sýna hagkerfið undir leitni í samræmi við núverandi hagvísi. Hagstofan birtir tölur þriðja ársfjórðungs þann 30/11 nk.

[1] Tvíhliða sía metur leitni í tilteknum mánuði út frá gildum bæði á undan og á eftir honum. Fyrir nýjustu mánuðina eru síðari gildin ekki til og þarf því að spá fyrir um þau með aðferðum tímaraðaraðgreiningar. Þegar raunveruleg gildi berast breytist matið, og þess vegna eru nýjustu gildi hagvísisins endurskoðuð. Einhliða sía notar eingöngu gildi fram að viðkomandi mánuði. Mat hennar breytist því lítið eftir á, en á móti kemur að hún getur verið seinni til við að sýna vendipunkta.

Frá og með þessum mánuði er rauntímasían reiknuð mánaðarlega samhliða núverandi hagvísi, í tveimur útfærslum sem vega ólíkt saman endurskoðanir og næmni vendipunktamerkja. Niðurstöðurnar verða varðveittar án þess að fortíðin sé endurmetin. Birti hagvísirinn helst óbreyttur. Ferill síunnar næstu tvö árin ræður því hvort hún fær hlutverk sem fylgiröð með litlum endurskoðunum eða sem staðfesting á merkjum hagvísisins. Ábendingar lesenda um hvort slík röð kæmi þeim að gagni eru vel þegnar. Rannsóknarritgerð um aðferðina er fáanleg hjá Analytica.

Mynd 3. Mánaðarlegar birtingar hagvísisins og rauntímasíunnar



Grátt: Hver mánaðarleg birting frá jan. 2024 til nóv. 2026 (dekkra = nýrra). Blátt: Nýjasta birting.
Rauðir punktar: Nýjasti mánuður hverrar birtingar eins og hann var fyrst birtur. Sami lóðréttur kvarði á báðum myndum.

Hver mánaðarleg birting hagvísisins og síunnar með árstíðaleiðréttum inntökum frá jan. 2024 til nóv. 2026 (grátt, dekkra = nýrra. Blátt = nýjasta birting. Rauðir punktar = nýjasti mánuður hverrar birtingar eins og hann var fyrst birtur). Sami lóðrétti kvarði á báðum myndum.

Leiðandi hagvísir Analytica er samansettur úr sex undirþáttum af mismunandi toga. Um er að ræða aflamagn, debetkortaveltu, ferðamannafjölda, heimsvísitölu hlutabréfa, innflutning og væntingavísitölu Gallup. Í október lækka fimm af sex undirþáttum frá fyrra ári. Frá í september hækka fjórir af sex undirþáttum. Sjá viðauka, myndir V1 og V2.

Hugmyndin að baki vísitölunni er sú að framleiðsla hefur aðdraganda. Vísitalan er reiknuð á grundvelli þátta sem mælast í upphafi framleiðsluferilsins og/eða veita vísbendingar um eftirspurn eftir vörum og þjónustu. Til að unnt sé að auka framleiðslu þarf t.d. að afla aðfanga og stofna til fjárfestinga.

Einstök gildi leiðandi hagvísis Analytica hafa verið endurskoðuð en það er afleiðing nýrra gilda fyrir undirþætti og þeirrar aðferðafræði sem notuð er við útreikninginn, þ. á m. endurmats á langtímaleitni.

Leiðandi hagvísir Analytica hækkar í október og tekur gildið 99,2, sjá töflu 1. Sú tala á að gefa vísbendingu um framleiðslu sex mánuðum síðar þ.e. í apríl 2027. Hagvísirinn tekur gildið 100 þegar búist er við að landsframleiðsla sé í takt við langtímaleitni.

Tafla 1. Leiðandi hagvísir Analytica 2025-2026

		Breyting (%)		Vísbend-
	Vísitala	í mánuði	frá fyrra ári	ing fyrir
2025				
október	100.1	-0.2%	1.4%	apríl 2026
nóvember	100.0	-0.2%	0.8%	maí
desember	99.8	-0.2%	0.1%	júní
2026				
janúar	99.7	-0.1%	-0.4%	júlí
febrúar	99.5	-0.2%	-0.9%	ágúst
mars	99.2	-0.3%	-1.4%	sept.
apríl	98.9	-0.3%	-2.0%	okt.
maí	98.7	-0.2%	-2.3%	nóv.
júní	98.5	-0.1%	-2.5%	des.
júlí	98.5	0.0%	-2.3%	jan. 2027
ágúst	98.7	0.2%	-1.9%	feb.
september	99.0	0.2%	-1.4%	mars
október	99.2	0.3%	-0.9%	apríl

Birting leiðandi hagvísis Analytica fyrir nóvember er áætluð dagana 18/12-22/12 2026.

Nánari upplýsingar veitir Yngvi Harðarson hagfræðingur
Sími: 527 8890 – Tölvupóstur yngvi@analytica.is

Mynd V1 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

*Prósentubreyting frá fyrra ári **



* Ekki frávik frá leitni viðkomandi þáttar

Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta heimila í verslun innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.
Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.
Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Mynd V2 - Leiðandi hagvísir Analytica - einstakir undirliðir

Frávik frá langtímaleitni



Skýringar:

Debetkortavelta: Debetkortavelta innanlands að raungildi. – Aflamagn: Fiskafli, keðjutengd magnvísitala. – Innflutningur: Raungildi.

Væntingavísitala: Væntingavísitala Gallup. – Heimsvísitala hlutabréfa: Heimsvísitala MSCI. – Ferðamannafjöldi: Komur ferðamanna til Keflavíkurflugvallar.

Allar tölur eru árstíðaleiðréttar og jafnaðar. – Síðustu sex mánuðir eru skyggðir fletir á myndum.

Heimildir:

Gallup á Íslandi, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands, MSCI, útreikningar Analytica ehf.

Um Analytica

Analytica ehf. er óháð ráðgjafarfyrirtæki á sviði efnahags- og fjármála með áherslu á ráðgjöf um fjár- og áhættustýringu til fagfjárfesta. Sérstaða fyrirtækisins liggur í áratuga reynslu og sérþekkingu starfsmanna.

Framkvæmdastjóri og stofnandi fyrirtækisins er Yngvi Harðarson hagfræðingur.

Yngvi er fæddur árið 1960. Hann er með MA gráðu í hagfræði frá Queen's University of Kingston í Kanada með áherslu á hagrannsóknir og peningamálahagfræði. Að auki er hann með próf í utanríkisverslunarfræðum frá Yrjö Jahnsson Foundation í Helsinki og CMT gráðu í tæknigreiningu frá CMT Association í N.Y. Þá er Yngvi með próf í verðbréfaviðskiptum. Yngvi hóf starfsferil sinn hjá Þjóðhagsstofnun árið 1988. Hann varð hagfræðingur Félags íslenskra iðnrekenda árið 1990. Yngvi stofnaði ásamt Sverri Sverrissyni fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. árið 1993, sem sérhæfði sig í áhættu- og skuldastýringu. Árin 2007 og fram til júlí 2010 gegndi Yngvi stöðu framkvæmdastjóra hjá Askar Capital hf. fjárfestingarbanka.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins http://www.analytica.is